

Ræða flutt á landsfundi í nóv. 1987.

Góðir áheyrendur. Ég vil byrja á því að þakka Kvennalistakonum þetta góða boð og vona að ég geti - a.m.k. að einhverju marki - risið undir farmiðanum, eins og orð fóru á milli okkar mín og *Hildingas Jonsdóttir*

Þegar ég settist niður fyrst og fór svolítið að grufla í þessu, hvað ég ætti nú að segja, þá flaug í hug mér gömlul auglýsing sem heyrðist oft í útvarpinu í ungdæmi mínu hér á Íslandi, "Bara að hringja, svo kemur það". Og ég held að það hafi verið Silli og Valdi sem auglýstu. Og ég hugsa með mér: það er nú ekki svo einfalt að afgreiða þessa pöntun sem ég hafði fengið; svo sem eins og klukku-tíma spjall um konur og vald, því að það er hægt að tína svo margt úr hillunum, tína svo margt til.

Og það er náttúrlega alls ekki um það að ræða hér að ég geti gert neina tæmandi úttekt á öllu þessu sviði og ég er náttúrlega ekki heldur komin til að boða neitt fagnaðarerindi eða segja neinn sannleika með stóru S-i. En ég ákvað að reyna að koma einhverju saman undir fyrirsögninni: Konur, vald og kvennýtt lýðræði.

Og ég verð aðeins að skýra svolítið frá hvernig þetta orð "kvennýtt" er til komið. Það er alltsvo hvorugkyn af orðinu kvennýtur, sem í Orðabók Menningarsjóðs þýðir "sem getur gagnast konum". Og ég get sagt það strax - þið vitið að ég fór að líta í Orðabók Menningarsjóðs, það var þannig að þar er til orð sem töluvert er farið að nota í þessum fræðum sem ég er í og þeim pressum (?) sem ég er í við þetta, á norðurlandamálunum og einnig ensku. Á sánsku er sagt þá "Kvinnovänlig" eins og t.d. "den kvinnovänliga staten" hið

kvennavinsamlega ríki og lýðræði. Á ensku er notað samsvarandi orð þá "womenfriendly". Og mér datt í hug að reyna að nota - af því ég fór að leita að einhverju á íslensku sem gæti samsvarað þessu og var með í höfðinu svona ýmislegt eins og "kvensælt" eða eitthvað svoleiðis - þá datt mér í hug þetta orð (kvennýtur) og fannst þetta svo ágætt, svo kjarnyrt, og þó ég gerði mér strax grein fyrir að þetta væri tvírætt þá ákvað ég að nota það.

Ég hef alltsvo sett á blað hér nokkrar spurningar og ætlun mín er að spjalla um þær. Ég reikna með að það taki svona rúman klukkutíma fyrir mig að koma þessu frá mér og ég sé bara til - ef þið misvirðið það ekki - hvort við gerum hlé kannski í máli mínu og ég byrji svo aftur, eða hvort við gerum hlé þegar ég er búin. Við sjáum til.

Ég er með fyrst - ef við getum sagt það - tvær aðalsþurningar, tvö aðalsvið, sem ég geng út frá. Í fyrsta lagi: Þetta með konur og vald, - við tökum það fyrst.. Út frá hverju göngum við? Hver er staðan sem við ætlum hér að ræða? Og þar hef ég tvær - eða þrjár réttara sagt hlutaspurningar:

1. Hafa konur vald eða erum við valdalausar?
2. Hvað vilja konur? Viljum við völd, eða viljum við viðurkenningu á verkum okkar eða viljum við hreinlega bætt lífskjör?
3. Af hverju hafna konur valdi? Það virðist greinilegt að konur gera það oft. - Af hverju gerum við það? Gerum við það af hugsjónaástæðum, gerum við það af praktískum ástæðum eða gerum við það af því við erum hræddar við að takast á

Þegar um er að ræða svo hitt aðalsviðið - eða hina aðalsþurninguna - er hún eitthvað á þesssa leið:

Að hverju stefnum við? Hvaða veg vilja konur reyna að feta að þessu kennýta lýðræði? Og sá hluti er svolítið kannski ruglingslegri, það er alltaf erfiðara að festa hendur á því sem maður óskar og vill reyna að gera. En þar tek ég upp nokkur drög eða nokkra punkta úr því í það sem ég vil kalla "femínískri lýðræðisteóriú".

Þessi fyrsta spurning, hafa konur vald eða eru við valdalausar, henni er ekki hægt að svara í einu lagi. Í fyrsta lagi kemur þar til að konur eru innbyrðis mismunandi hópar, konum er skipt í stéttir, starfshópa, konur eru á mismunandi aldri, hafa mismunandi menntun, sumar eru giftar, aðrar ógiftar o.s. frv.. Og það er sjálfsgagt hægt að mæla og staðfesta að konur eru í mismunandi þjóðfélagshópum og hafa mismunandi völd.

En sem heild, sem kynbundinn hópur, hafa konur minni völd en karlar sem heild. - Hvernig vitum við þetta? Hvernig er hægt að staðfesta þetta? Það eru tveir mátar, í fyrsta lagi er hægt að gera það og er til - já, við getum gert tölfraðilega úttekt á þessu, við höfum lýsingu á þessu. Þetta er mælanlegt í tölum og hlutföllum. Ég er með hér einhvers staðar í veskinu mínu lítinn bækling frá sánku Hagstofunni - ég finn það náttúrlega ekki ákúrat núna - þetta er svona handhægur lítill bæklingur þar sem birtar eru tölur á ýmsum helstu sviðum yfir hlutfall kynjanna í valdastöðum og launaflokkum og ýmislegt svona. Það er sem sagt einn mátinna að sýna hvar karlveldið er.

Annar mátinn er, ef við viljum fá - ef við leitum fræðilegra skýringa á því - ef við spyrjum: Hvernig endurnýjast karlveldið stöðugt, hvað er það sem stöðugt valdar karla á annan hátt en konur? Því þá verðum við að grípa til sem sagt fræðilegra spekúlasjóna og greininga sem verða náttúrlega að byggja á raunrannsóknum.

Önnur ástæða fyrir því að spurningunni um vald eða valdaleysi kvenna er því fljótsvarað - er það að vald getur verið svo margt. Og m.a.s. konur eru líka margþætt fyrirbæri, alltsvo þá meina ég á annan hátt en þetta með að konur geti verið eins mismunandi og þjóðfélagshópar. Tegundir valds eru margar eða m.ö.o. valdsvið þjóðfélagsins eru mörg og mismunandi. Við getum talað um(fellur neður af spólu), peningavalд, kynferðislegt vald - í skáldsögunum er talað um vald ástarinnar t.d., - persónulegt vald, alltsvo þá bæði skynsemis- og tilfinningalegt, líkamlegt vald. Allar þessar tegundir af valdi á þessu sviði.

Bertrand Russel, enski heimspekingurinn sem varð karla elstur, segir það í bók sinni sem heitir Vald eða Power, að ekki sé hægt að leiða eina tegund valds úr annarri, en ein tegund getur verið forsenda annarrar. Konan - eða konur eru líka margþættar verur - karlar auðvitað líka - en af því að umræðuefni kvöldzsins er aðallega konur þá ætla ég að láta karlþjóðina aðeins bíða - Við konur erum þekkingarverur, við erum menningar- og hugmyndaverur, við erum pólitískar verur, bæði stjórnendur, kjósendur. Við erum starfsverur, bæði heima og utan heimilis, við erum kynferðisverur, bæði mæður, ástkonur, fóstrur o.s.frv.

Og við erum persónur, kvenpersónur, bæði skynsemisverur, tilfinningaverur, og við erum líkamar, kvenlíkamar. Við getum þannig sett upp eins konar skrá eða skema - kannske ekki gott íslenskt orð - þar sem viss tegund valds eða viss valdssvið samsvarar vissum þætti í konunum. Þessa þætti, allar þessar verur sem ég hef talið upp, getum við kannski kallað hlutverk eða betra þó finnst mér að hugsa sér verurnar sem hæfileika, alla þessa þætti í okkur, hæfileika, möguleika eða öfl.

Til þess svo í fyrsta lagi að svara spurningunum um vald eða valdaleysi kvenna þá verðum við að skoða raunveruleikann á öllum þessum sviðum, öllum þessum tegundum valds sem ég taldi upp og sjálfsagt valdaleysi kvenna þá jafn..... (?) - Það er það ekki lengur. Firnamiklar breytingar hafa átt sér stað í þjóðfélögum okkar - eða þjóðfélögum eins og okkar - ekki hvað minnst í lífi kvenna. Það hefur margt breyst þar til bóta en engum blöðum er heldur um það að fletta að líf mikils fjölda kvenna er að mörgu leyti erfiðara nú. Það er ekki til neitt einfalt svar við spurningunni hvort konur séu almennt valdameiri nú en fyrir 100 árum, og jafnvel þótt lengra aftur á bak sé farið í sögunni. Í kvennarannsóknunum má finna tvær andstæðar línur þegar um er að ræða að svara ákkúrat þessu.

Fyrsta línan, þar segir u.p.b. svona: Konur hafa tapað flestum sérvaldsviðum sínum, t.d. eins og yfirráðum yfir fæðingarhjálp og lækningum sem konur voru - ekki kannski fyrir 100 árum en fyrir - ja allt fram á 17. öld-, yfir matvälagerð og ýmsir þættir eru taldir upp þar

sem konur höfðu sérhæft sig. Og í nafni jafnréttis erum við notaðar til hins ítrasta bæði í launaðri og ólaunaðri vinnu. Og í nafni jafnréttis er meira og meira verið að svipta okkur móðurréttinum.

Hin línan segir ..altsvo frá öðru sjónarmiði er sama söguferli lýst sem síauknum og í fræðunum er þetta síðan oft sett fram sem almenn skilgreining á valdi, þ.e. getan, hæfileikarnir til að láta eitthvað gerast, koma á breytingu, orsaka afleiðingar. Það má kanskje tala um þetta framkvæmdavalda í víðum skilningi. Og getan, framkvæmdahæfileikarnir verða þá alltaf að byggja á einhvers konar kraftauppsprettum. Hernaðarvald t.d. byggist á að ráðið sé yfir vopnum og mannafla, efnahagsvald byggist á að ráðið sé yfir framleiðslutækjum og auði, fjármagni, þekkingu auðvitað líka. Og við töldum um pólitískt vald, ríkisvald. Ríkisvaldið byggist á ráðum yfir þvingandi aðgerðum, lagasetningum, hegningaraðgerðum ef brotið er á móti lögum og yfir fylgi þeirra sem pólitíkin skal stýra (?). Oft er vald líka skilgreint þannig, að það á eingöngu við um þvingunarvald, sérstaklega þá þvingunarvald ríkisins.

Priðji máti að skilgreina vald eða hugsa sér hvað vald er og hvernig það verkar í samskiptum fólks, má kanskje kalla viðskiptavalda, þ.e. altsvo skilgreining sem þá er sótt í markaðsheiminn. Þá hugsar maður sér eins konar vöruskiptaverslun í valdi og þá hugsar maður þannig að: - Ég ræð yfir - ég hef kontrol yfir einhvers konar tækjum til framkvæmda sem ég gjarnan vil láta frá mér til einhvers annars sem er í mun að fá það til þess að ég geti svo býtt til míni eða skipt til míni einhverju sem ég hef áhuga fyrir. En þetta módel er sem sagt það sem skýrt er með t.d. af hverju fólk selur vinnu sína á vinnumarkaðnum Vegna þess að það hefur nóg af vinnuafli sm það getur ekkert gert með en svo vantar

það framfærslueyri. Og þá er hugmyndin sem sagt að launþegarnir hafi vald, sem oft er stillt upp sem jöfnu þá á móti því valdi sem þeir hafa sem ráða yfir framleiðslutækjunum. Svipað módel nota oft ökónómar t.d. þegar þeir skýra hjónabandið sem institution. Konur eiga nóg af líkama og ást og vinnuorku og þjónustuvilja og svo láta þær þetta af hendi og býtta til sín þá kannske framfærslueyri eða stöðu karlmannsins eða eitthverju sliku.

Fjórðu skilgreininguna vil ég aðeins nefna. Það má kalla það valkostavald. Það er ákaflega við skilgreining, að vald er sama sem valfrelsi. Og þá getur maður líka sagt kannske að sá á líka kvölinu sem á völinu, svo að vald í merkingunni valfrelsi er kannske ekki svo einhlítt. Ég fjalla svolítið um þetta í einni af ritgerðunum mínum - ég ætla ekki að fara lengra út í þetta.

Við gætum grandskoðað allar þessar almennu skilgreiningar með tilliti til róta(?)

Það hefur komið í ljós í mörgum rannsóknum að t.d. hjónaband eða sambúð við konu - og fjölskyldulíf er forsenda velgengni karla á öðrum sviðum, meðan það lítur út fyrir að vera þvert á móti fyrir konur. Ég er ekki að segja að það sé, en það lítur út fyrir að það sé öðruvísí. Ég vil bara taka eitt dæmi.

Helga Hernes, sem kannske einhver af ykkur kannast við nafnið á, hún er stjórnmálafræðingur og er í kvennafræðum starfandi í Noregi. Hún gerði rannsókn á og bar saman þátttöku kynjanna í opinberum nefndum og ráðum í Noregi og fann þar að heil 32% af konunum á þessu valdsviði í Noregi voru annaðhvort ógiftar, fráskildar eða ekkjur, 32% af konunum á móti bara 7% af körlunum. Það er með þessar

tölur eins og aðrar að tölurnar þarf alltaf að túlka og er hægt að túlka sjálfsgagt á marga vegu. En ein túlkunin á þessum tölum er þannig að það er a.m.k. merkilegur þessi munur, þetta er svo mikill munur.

Þá vík ég mér hér yfir í næstu hlutaspurningu: Hvað vilja konur? Viljum við völd? Erum við konur almennt að sækjast eftir völdum eða eru það bara einhverjar einstaka baráttuglaðar maddömur sem vilja það, eða sækjast konur fremur eftir viðurkenningu, viðurkenningu á verkum sínum, viðurkenningu á sér sem persónum? Eða sækjast konur aðallega og ber konum að sækjast eftir bættum lífskjörum? Þessi mismunandi svör útiloka kankske ekki hvert annað, en Sigmundur gamli Freud á einhvern tíma að hafa sagt eitthvað á þessa leið: "Ein mikilvægasta og jafnframt flóknasta spurning þessarar aldar er: Hvað vill konan?

Og það er þess vegna ekki furða þótt það sem hann skrifar og sérstaklega um konur væri svo ruglingslegt, ruglingslegra heldur en það sem hann skrifaði annars, því það er náttúrlega margt merkilegt í því sem hann hefur skrifað. En þetta er líka ein af klassískum kvörtunum karla yfir konum, finnst mér a.m.k. - að ómögulegt sé að henda reiður á því hvað við viljum. Annaðhvort komum við því ekki út úr okkur eða þá - finnst þeim - að skoðanir okkar séu bæði órókréttar og óraunsæjar. En aðalmálið virðist mér vera að karlmenn gera svo lítið af því í alvöru að reyna að gera sér grein fyrir vilja kvenna eða setja sig inn í verksvið þeirra, kjör og skoðanir. Og viðurkenning - ef það er það sem við viljum - byggist á gildismati og þekkingu. Og ef hægt er að segja að ríkjandi gildismat þjóðfélags okkar sé sumpart kynbundið, þá er það karlkyns. Og hvernig getum við ætlast til að full viðurkenning á verkum okkar, hvort sem nú er um að ræða mat til starfslauna eða aðrar þóknanir

eða viðurkenning á persónum okkar náist, - fyrr en við sjálfar höfum rutt okkur meira rúm, þar sem mælistikurnar - sem hinar ýmsu viðurkenningar eru miðaðar við - eru búnar til.

Oft má lesa í bókum að konur fyrr á tímum eða í vissum frumstæðum þjóðfélögum hér fyrr á tímum, ekki síst á Íslandi kanskje, hafi verið mikils metnar. Þetta getur maður oft lesið í bókum. Og stundum er þá fljótt dregin sú ályktun að nánast hafi ríkt jafnrétti kynjanna, konur hafi a.m.k. haft töluverð völd.

En hvað segir svo þessi fullyrðing? Voru karlar sem hópur líka mikils metnir? Ég hef aldrei rekist á þannig fullyrðingu því hver ákvað matið? Er það ekki svo að við erum stöðugt flæktar í (ég kalla það) - kvennamati karlveldisins, svona sbr. Fasteignamat ríkisins. Við vitum líka að húseigendurnir setja það ekki sjálfir, heldur yfirvöldin. Og í langflestum þessum matstofnunum, - allt svo ekki þar sem við fórum til að borða - heldur matstofnunum í þessari merkingu, sem hafa með höndum ákvarðanir um hvers virði við erum, eru karlmenn í yfirgnæfandi meirihluta. Karlar sem oft eru ákaflega þekkingarlausir um hagi og vilja kvenna af því að þeir eru svo reynslulausir (um hann?)- og það sem verra er, oft svo fullkomlega áhugalausir um þau mál. Og með matstofnunum á ég sem sagt við - þar sem svona hlutir eins og reglubundna launasamninga, tryggingafyrirtækin þar sem við erum metnar til fjár og margt annað.

Ég get ekki stillt mig um aðeins að taka upp hérna - mig minnir, við skulum hafa svolítinn vara á að ég muni ekki rétt, mig minnir að einhvers staðar í gögnum Kvennalistans sem ég var aðeins að glugga í áður en ég kom, - ég hef eiginlega aldrei áður haft nokkur tök eða tíma til þess að setja mig inn í stefnuskrárnar eða annað, en ég held að ég hafi einhvers staðar séð einhverjar tillögur um að

Kvennalistinn vilji fara ofurlítið meira inn á það að - allt svo pólitískar ákvarðanir á launum, - alltsvo að laun séu ákveðin að einhverju leyti pólitískt, en ekki bara á milli hlutaaðila vinnumarkaðarins. Og þetta er náttúrlega ein af allra heilögustu kúnum í peirri þjóðfélagsgerð sem við lifum í. Og ég er ekki hingað komin til þess að - er ekki að minnast á þetta til þess að leggja neinn dóm á það hvort er verra eða betra, en ég get ekki stillt mig um bara að benda á þá staðreynd að konur eru alls staðar með miklu veikari aðstöðu í þeim stofnunum og hagsmunasamtökum sem verka í markaðskerfin, p.e. verka á vinnumarkaðnum. Í þeim löndum þar sem konur hafa rutt sér rúms að einhverju leyti á valdasviðum fyrir utan heimilið, þá er það helst í allt svo lýðræðislegu völdum í pólitískum flokkum og á þingum. En í stofnunum og hagsmunasamtökum vinnumarkaðarins er allt annað uppi á teningnum og þar er miklu harðari andstaða og virðist vera miklu erfiðara fyrir konur að koma sér áfram. Já, nóg um þetta.

En er það þá þannig? Eru karlar afskaplega sólgnir í að hafa vald yfir konum? Það er líka ein svona spurning sem kemur hér. Fyrir nokkru síðan sagði einn nemandi minn, karlmaður, við mig í einhverjum umræðum þar sem var komið inn á þessi mál, hann sagði svona: Ég held að þið konur misskilji þetta allt saman. Karlar hafa afskaplega lítinn áhuga á að hafa vald yfir konum. Það sem karlar vilja er að hafa völd yfir og vera voldugir meðal annarra karlmanna. Og ég held að það sé mikið til í þessu, p.e. ég held að þetta sé bæði rétt og rangt. Samanborið við konur sem hóp eru það jú karlmennirnir sem eru þeir mikils metnu sín á meðal. Þeir eru hin kynlega yfirsétt, ef maður getur sagt svo. En eins og tilfellið er með allar yfirstéttir, þurfa þeir á konum að halda til að geta

haldið áfram að vera yfirstétt. Og þeir hafa margvíslegu þarfir af konum, þeir purfa að taka tillit til kvenna sem kjósenda í pólitíkinni. Þeir purfa á konum að halda sem starfskrafta í efnahagslífínu. Þeir purfa auðvitað á konum að halda innan fjölskyldunnar ef þeir vilja verða feður og í skólanum og alls staðar. Svo að það er ekki fyrr en konur byrja á því að brjóta leikreglurnar sem karlar hafa aðallega sett, - sem karlar svo að segja neyðast til að fara að beita konur einhvers konar valdi og sem karlar þá hafa áhuga fyrir því kannske að byrja að hugsa um það að vald skipti einhverju málí.

Ég vil bara draga aðeins saman mínar niðurstöður við þessari spurningu og það er þetta - að það er greinilegt að konur sækjast mun minna en karlar eftir völdum valdanna vegna. En það er líka pannig að flestar konur purfa á því að halda og vilja bæta lífskjör sín að þá virðist ekki þýða annað en að konur sjálfar taki þátt í eftir megni - því hvernig farið er að því að bæta lífskjörin. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir að fólk - aðallega þá karlar - skilgreini þarfir okkar og annað, því að það sést líka, hefur komið fram meira og meira síðustu segjum 15 árin að pólitískt gildismat kynjanna skilur sig að á margan hátt. Ég get bara nefnt sem dæmi t.d. að í mörgum sænskum skoðanakönnum, (það eru t.d. alltaf stórar skoðanakkannir í kringum hverjar kosningar), þá kemur það greinilega fram að það er þó nokkuð mikill munur meðal karla og kvenna, þ.e. meðal borgaralegra kjósenda, - að konur, sem allt svo kjósa borgaralega flokka, hneigjast miklu meira að því en karlar að segja: "Það má ekki draga saman opinbera þjónustu alltof mikið." - Allt svo konurnar sem kjósa borgaralega flokka hafa tilhneigingu til þess að brjóta þessa gömlu venjulegu hægri/vinstri línu, vegna þess

að það er staðreynd að konur - hvaða flokk sem þær kjósa - eru að svo miklum hluta miklu háðari þjónustu hins opinbera, þegar um er að ræða dagvistunarmál barna, umhugsun eldra fólks, og á öllum mögulegum sviðum.

En það er líka alveg greinilegt að konur hafna oft valdi. Af hverju hafna konur valdi? Ja, það getur verið af hugsjónaástæðum. Það er oft þannig náttúrlega um ýmsa hópa - ekki bara konur - sem vilja að einhverju leyti breyta þjóðfélagskerfinu allverulega, að líta þá þannig á valdakerfið sem hálfrotið og vilja ekki ánetjast því og vilja reyna að koma breytingum á á einhvern annan hátt og fyrirbærið eða hugtakið vald hefur verið frá byrjun kvennahreyfingarinnar afskaplega - nú vantar mig orð - eldfim spurning eiginlega. Og það er sem sagt margt til í þessu að konur hafna völdum af yfirveguðum hugsjónaástæðum. Konur hafna sjálfsagt líka völdum oft af hreinlega praktískum ástæðum. Konur hafa ekki tíma til þess að vera í vafstri, hafa ekki tíma til þess að fara út í valdabaráttu hvort sem það er á vinnustöðum, í pólitík eða einhvers staðar annars staðar vegna þess að það krefst svo mikils. Það geta verið alls konar praktískar ástæður fyrir þessu.

En það er líka annað í þessu sambandi og það er það að það er ekkert enn þá litið á það sem sjálfsagaðn hlut, hvorki meðal kvenna sjálfra og alls ekki meðal karla, að konur sem hópur sameinist. Flokkakerfið okkar, allar hugmyndir okkar um stjórnmálakerfið og hagsmunahópa í löndunum er miðað við - það er sprottið upp úr efnahagsskipulaginu og náttúrlega ýmsum öðrum þáttum þjóðfélagsins. Í ýmsum löndum eru jú til flokkar, eins og við vitum, sem byggjast á mismunandi trúarsamfélögum, tungumálum o.s.frv.

En þetta er spurning sem er líka ansi áhugaverð vegna þess að konur eru raunverulega organiseraðar, konur eru töluvert miklar félagsverur. Það er til fullt af kvenfélögum á öllum Norðurlöndum t.d. og sjálfsagt þó viðar væri leitað. En það er bara - þessar konur eru ekkert svo mikið minna organiseraðar heldur en karlmenn, en það er bara að félög kvenna hafa ekki sömu valdastöðu í þjóðféluginu, ekki sömu áhrifastöðu í þjóðféluginu eins og þær organisasjónir og þau félög þar sem að vísu konur hafa aðgang, en þar sem karlar ráða.

Svo er þá þetta með - hvort konur eru hræddar við vald. - Veigri sér við völdum af einhvers konar meira og minna dulnum ástæðum. - Ég get ekki farið mikið inn á þessi mál, því að hér fórum við að koma að mörkum sálarfræðinnar og ég er enginn sálfræðingur. En ég vil nefna eitt nafn. Það er bandarísk kona, Jean Baker Miller, hún er starfandi sálkönnuður og sálfræðingur og hefur gefið út nokkrar bækur, þ.á.m. New psychology of women, sem t.d. hefur verið þýtt á bæði sánsku og norsku veit ég, - hún fer töluvert mikið inn á þetta svið og segir að þetta sé mjög algengt, a.m.k. hjá þeim konum sem sækja til hennar. Og það er náttúrlega kannske ekki réttlátt úrtak (frá öllum þeim konum - alltsvo sem leita til hennar) - en hvað um það. Hún skrifar - að það er allt svo ekki bara vald í merkingunni "vald yfir" sem konur eru hræddar við, heldur líka vald í merkingunni að neyta og þróa hæfileika sína, sem hræðir konur, af því að það gangi þvert á þann persónuleika sem konur svo oft hafa mótað í, að vald og það að - já nú fer ég að tala frítt hérna og þá vantar mig orð - fara að sem sagt neyta hæfileika sinna, láta bera á sér, - að konur líkja þessu oft við eicingirni, niðurriksafl - og þetta að þær finna á sér hættu á bannfæringu frá öðrum. Og ég get ekki sem

sagt farið mikið inn á þetta - orðað neitt meira en þetta, en ég vil leggja áherslu hér á eitt, og það er það að þetta er ekki bara sálfræðilegt vandamál, ef þetta er vandamál. Það er ekki bara spurning um hvernig konur mótaðst, hvernig við mótaðumst í bernsku og að það sé bara að hrísta af sér gamlar rullur og læra nýjar, heldur: það er líka um að ræða hér beinar og grímmar staðreyndir, að konur viða í þjóðféluginu verða fyrir því, finna fyrir því - kannske daglega og stundlega - að þær taka alltaf áhættur ef þær vilja neyta krafta sinna og sækjast eftir valdastöðum, að þær taka á sig áhættu að vera skilgreindar sem ókvenlegar, ómöögulegar og þær eru kannske þurrkaðar út af dagskránni, bæði hjá eiginmönnum og samstarfsmönnum ýmsum, þannig að þetta er sem sagt bæði þá sálfræðilegt vandamál og líka félagslegt vandamál í beinum samskiptum manna og kvenna.

Þá erum við allavega komin að þessu sem ég hef kallað hér "kvennytt lýðræði" - eða nokkrir punktar og strik í feminískri kenningu um þjóðfélagsskapinn eða feminskri kenningu um lýðræði. Og ég vil náttúrlega segja það strax að ég er ekki komin hingað til þess að boða einhverja betri stefnuskrá en Kvennalistinn hefur eða reyna að koma með eitthvað sem ætti að koma í staðinn fyrir það, það væri víst að bera í bakkafullan lækinn. - Þannig að þetta sem ég segi núna eru nokkrir punktar sem ég byggi á, bæði því sem aðrar konur hafa skrifað. Það er ekki svo mikið til ákkúrat skrifað um nákvæmlega þetta, en það er svona aðeins að byrja að koma. Bakgrunnurinn hér er að hefðbundnar hugmyndir, allt svo pólitískar, heimspekilegar hugmyndir um lýðræði séu ófullnægjandi frá kvennasjónarmiði og það gildir þá bæði um borgaralegan eða liberal

skilning á lýðræði og líka hefðbundnar sósialiskar hugmyndir og ég er hérna með nokkur þemu í femíniskri umræðu eða skrifum, sem hafa þýðingu fyrir slíka teóriu.

Númer eitt (1.) hef ég kallað endurskoðun á vægi líkamans eða stöðu líkamans og endurreisin kvenlíkamans í pólitískri teorí og praxis. Frá upphafi pólitískrar hugmyndaþróunar á Vesturlöndum hefur ríkt mikill tvískinnungur í viðhorfum til líkamans. Það má draga saman í tvö atriði. Í fyrsta lagi hefur alltaf verið þessi aðgreining sálar eða andans og líkamans, dualismi sem stundum er kallað, og í öðru lagi að "parfir hópsins og tilfinningar trufla stjórnmálin", sagði Platon t.d.. "Og sérstaklega kvenholdið", sagði Aristóteles.

Á hinn bóginн hefur svo verið mikilvægt alltaf að framleiddir væru hraustir og sterkir líkamar til að stríða fyrir ríkið og þar með að konur fæddu og fóstruðu hrausta drengi og dætur sem héldu áfram að gera slíkt hið sama. Þegar svo pólitísk teoría - hagsmunakröfur. Og þetta náttúrlega er sett mest á oddinn þegar um er að ræða fóstureyðingar. Eiga konur að hafa skilyrðislausan rétt á að ráða yfir líkama sínum eða eiga feður að - líka þar eða eiga læknar að ráða yfir því eða eiga einhverjur að ráða yfir því?

Dæmi um slíka málaflokka - þetta sem lýtur að líkamanum - er náttúrlega allt sem lýtur að barnsfæðingum, getnaðarvörnum, fóstureyðingum, ofbeldi gegn konum og börnum o.fl. o.fl. o.fl. Ennfremur er haldið fram að kynferði og kynbundinn praxis skipti máli, ekki bara meðal kjósenda, - alltsvo þessir málaflokkar sem við vorum að tala um áðan, ef svo má að orði komast, - heldur líka hjá okkur sem stjórnendum. Svo það má segja að feministar endurveki

pá hugsun að hinn kynbundni líkami skipti málí, jafnvel fyrir hvernig skipuleggjendur og stjórnendur rækja hlutverk sín. Og er þetta pá rammasta afturhald? Erum við að fara til baka til Aristótelesar, sem sagði: Hin sérstaka mannlega skynsemi liggur í sæðisvökvanum sem er hvítur og skýr og hreinn.

Nei, það er ekki um það að ræða, því að hér er að mestu leyti um að ræða hið félagslega kyn eða "gender" eins og sagt er orðið á ensku. Við höldum því fram að reynsla og þekking, sjálfsmýnd og parfir, – að á þessu er kerfisbundinn munur kynjanna og hugsunin er pá áfram að pólitískur móra all eða skynsemishugsjón eða sú tegund stjórnsemi sem ætti að gilda, – ja hvernig á hún að vera, á hverju á hún að byggja? Konur halda því fram að hér skipti sem sagt kynverurnar töluverðu málí.

Annar punktur: Afleiðingin af því að pólitísera líkamann og þar með fylgir þá einnig þessi að kvennahreyfingar hafa sem sagt dregið í efa að þær vilji pólitísera aðgreininguna í opinbert líf og einkalíf, private/public. Eitt þekktasta slagorð frá nýju kvennahreyfingunni var einmitt þetta: Hið persónulega er líka pólitískt.

En allt þetta víkkar verksviðið og eykur spennuna kannske í stjórnmálakerfinu, í samfélagsskapnum, ef við getum sagt svo. Í enskunni er ég með orðið citizenship, – ég veit ekki alveg hvaða orð er best að nota yfir það í íslensku. Hin pólitísku svið verða fleiri og öðruvísi, það má segja kannske að arkitektúr hins opinbera vettvangs verður að breytast. Mótívin til pólitískrar pátttöku sitja dýpra í persónuleikanum og allur máti pátttökunnar verður að breytast, getur breyst. Hér af leiða svo nýjar skyldur og ábyrgð sem bætast við hefðbundnar skyldur. Nýjum kröfum er beint að ríkinu og

Öðrum stofnunum þar sem pólitískar ákvarðanir eru teknar. Ný tegund réttinda hreinlega bætist við þann lista sem lög og reglur eru settar til að vernda, t.d. þetta með réttindin -- og nú gleymdi ég hreinlega að leita að þessu á íslensku. Er til eitthvað orð á íslensku, yfir það sem kallað er á ensku "sexual harassment"? (svar úr sal: Áreitni, kannske?) Já, áreitni kannske, yfиргангур, kynferðislegur yfиргангур þá á vinnustöðum og annars staðar.

Mál hafa komið þó nokkuð mikið fyrir dómstóla í Bandaríkjunum. Það er aðeins að byrja að koma upp í Svíþjóð t.d. og er töluvert mikið, -- það kom nýlega út bók, fyrsta samantekt eða fyrsta úttekt í Svíþjóð, -- kom út bara núna fyrir mánuði síðan - um þessi mál, hversu mikið er um þetta á vinnustöðunum. Og þá er alltsvo þetta með -- kynferðislegur yfиргангур, það er þá enn sem komið er takmarkað við alltsvo þegar karlmenn í yfirmannastöðu nota sér konur sem eru lægra settar. Alltsvo að konur fá ekki hærri laun, komast ekki í betri stöðu nema þær geri sem körlunum líkar.

Priðji punkturinn. Það er málafarið, formið eða stillinn í pólitíkinn, samskiptamátinn í pólitíkinni. Konur virðast alls staðar vilja lýsa pólitískum aðgerðum og vilja rækja eða iðka pólitíkina á persónulegri hátt, á vinalegri hátt heldur en hefur gerst og gengist. Nota gjarnan jafnvel orðaval frá fjölskyldu eða ættartengslum og vináttu. Það eru systur og mæður og vinir eða vinkonur, sem eru borgarar eða félagar í hinu kvennýta pólitískra samfélagi. Þetta getur auðvitað verið mótsagnakennt því að það má ekki verða til þess að breiða yfir andstæður í skoðunum og mismunandi hagsmuni milli kvenna.

Hinn pólitíski stíll. Eitt virðist vera sameiginlegt með konum, sem koma inn í hið opinbera pólitískra kerfi og það er það að þær

gagnrýna hvernig karlar ræða málín. Þetta með að "þeir eru stöðugt í hanaslag", eins og við notuðum í dag í fjölmíðlunum, þeir purfa alltaf að vera að kveðja sér hljóðs, oft, tala lengi - þótt þeir hafi lítið eða ekkert að segja -.

Og konur vilja ekki breiða yfir deilumál. Það er ákaflega mikilvægt. Konur vilja ræða málefnalega, en þeim finnst líka óþarfi að vera alltaf með óþarfa skítkast.

Einn punktur enn. Það er engin sérstaklega kerfisbundin röð á þessum punktum, en það verður ekki aftur snúið með það. - Mótun og staða einstaklingsins í þjóðféluginu. Í þessari kvennafræðateoríu er töluverð krítik á - ja, ég finn ekki betra orð en "sjálfstæðishugtakið" í vestrænni heimspeki, alltsvo, það er skilningurinn á einstaklingnum, hvað er einstaklingurinn með tilliti til þjóðfélagsins? Ekki þetta með hvort maður vill kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða Alþýðubandalagið, heldur alltsvo grundvallarskilningur á "hvað er einstaklingurinn?"

Og við meinum þá að einstaklingurinn er raunverulega samruni félagstengsla, m.a. kynferðistengsla. Þjóðfélagið er ekki - það er ekki raunhæft að hugsa sér þjóðfélagið - eins og oft hefur verið gert - sem safn óháðra einstaklinga sem geta ákveðið hvort þeir vilja eða vilja ekki vera í tengslum við aðra einstaklinga. Við erum í tengslum hvert við annað og spurningin er, hvernig við móturnum þau og þróum þau og hvernig við skipuleggjum þau.

Í þessari feminisku teoríu, þegar komið er inn á lýðræði, þá er það afskaplega algengt að konur mæli fyrir um almenna pátttöku. Það er hið svokallaða páttökulýðræði, sem er viðurkennt hugtak, það má segja kankske "alvörulýðræði". Konur sem eru á þessari línu vilja alvörulýðræði og hugsa sér þá gjarnan að sams konar valdatengsl og skipulag ráði alls staðar í þjóðféluginu, á vinnustöðunum ---

A-hlið spólu lýkur

Og þessu fylgir þá sem sagt hugmyndin um nýjar skipulagsgerðir og það er nokkuð vel þekkt öll sú umræða sem hefur verið og var frá byrjun í kvennahreyfingunni um þetta með nýja tegund af organisation, burt með píramídana og inn með manneskjulegri stofnanauppgöggingu og skipulag.

En við getum líka litið aðeins á aðra hlið þessa máls. Helga Hernes sem ég nefndi aðeins áðan, búsett í Noregi, hefur skrifað ritgerð þar sem hún kemur inn á - eða skrifar um "stéttastöðu kvenna í vestrænum velferðarríkjum". Hún meinar að - aðild kvenna og karla að ríkinu, hinu opinbera sé mjög mismunandi. Ég kom aðeins inn á þetta áðan að konur eru upp til hópa miklu háðari hinu opinbera, eiga mun meira undir því að umsvif hins opinbera dragist ekki alltof mikið saman. Og þetta er ekki bara einföld agitation. Ef við lítum á tengsl einstaklinganna og ríkisins, þessi tengsl eru a.m.k. prenns konar, kannske tvenns konar eftir því hvernig við teljum. Tengsl einstaklinga og ríkisins eru í fyrsta lagi stjórnmálaleg. Við erum aðilar að ríkiskerfinu, bæði í gegnum flokkakerfið og gegnum hagsmunasamtakakerfið. Og hér hafa jú karlar miklu meiri völd, mest þó í hagsmunasamtakakerfinu, eins og ég sagði áðan. Það er alltsvo þar sem öll lagasetning og önnur opinber ákvarðanataka fer fram.

En við höfum fleiri tengsl við ríkið, atvinnutengsl. Konur eru í miklu meira mæli en karlar - a.m.k. er það þannig í Svíþjóð þar sem ég hef tölur um, ég hef enga ástæðu til þess að ætla að það sé mikið öðru vísni hér, - konur eru í miklu meira mæli starfandi hjá því opinbera, ríki og bæ, það er miklu stærri, tiltölulega stærri hópur kvenna en karla sem eru alltsvo háðar ríkinu með framfærslu sína. Og svo höfum við tengst ríkinu líka þegar um er að ræða þjónustu, bæði svokallaða veitta þjónustu, ~~baði svokallaða veitta þjónustu~~, sem við

fáum fyrir skattana, og líka þá þjónustu sem er seld og keypt, alltsvo bæði seld þjónusta og yfirfærslur, eða hvað maður getur kallað það.

Og svo náttúrlega það sem kannske má kalla ölmusu, að fleiri konur en karlar eru háðar því að fá félagsbætur. Og allt þetta sýnir sem sagt bara að þegar konur ræða hvers konar þjóðfélag gagnar okkur, þá verður maður náttúrlega að taka tillit til þessara staðreynda, hvernig svo sem við viljum móta framtíðina.

ENN þá einn punktur hefur með að gera að konur náttúrlega skipta sér líka af því sem gerist í alþjóðamálum, hið alþjóðlega samfélag. Heilmikil gagnrýni er til á ríkjandi fræðikenningum um alþjóðapólitík t.d. og breytni í alþjóðapólitík, um grundvöll striðs og friðar og margt það. Hins vegar bæði í samskiptum milli þjóða og innan þjóða - og hér er ég komin að síðasta punktinum - Það er þetta með nýjar hugsjónir - nýr mórall.

Hvers konar reynslu-, hvers konar mórall hefur gildi - hugsa konur sér að hafi gildi til þess að móta samfélags.....? Ef það er þannig sem virðist mikið til í og margar a.m.k. ætla, að mikilvægasta reynsla og mórall kvenna komi frá fjölskyldulífinu, heimilislífinu, að það sé einhvers konar móðurhugsjón, "maternal thinking", segja þær enskumælandi, sem hljóti að verða að móta hið góða, kvennýta lýðræði. Alltsvo - reynsla af því að fæða og fóstra fólk hljóti að verða að móta meira allt þjóðfélagið. Þetta er ákaflega umdeilt, jafnvel meðal feminista. Og þær sem deila á þetta segja þá - og þá náttúrlega réttilega - að þetta með að fæða og fóstra fólk höfum við hingað til gert í allri þeirri sögu sem til er í karlveldisskipulögum. Og það er kannske meira og minna brenglað og skrýtið hvernig við höfum farið að þessu. Og hver er kominn til

með að segja að sú reynsla sem við höfum þar sé endilega svo góð til þess að móta framtíðina? - Ég veit ekki.

En hvaða valkost höfum við? Hvaða annan efnislegan grundvöll og reynsluheim höfum við að leita til? Jú, það er náttúrlega framleiðsla á lífsviðurværinu, framleiðsla á hlutunum, sem er náttúrlega afskaplega reynslugefandi líka. - En hvernig mórrall ríkir þar? Jú, í okkar þjóðfélagi og þeim þjóðfélögum sem eru sambærileg, þar ríkir náttúrlega samkeppnisgrundvöllurinn og það er stéttskipt þjóðfélag, hvernig sem nú stéttir eru skilgreindar. Það eru náttúrlega margar skilgreiningar til á því. Þar eru boðorðin sem sagt samkeppni og gróði, það er eins konar viðskiptamórrall og hann getur sjálfsagt verið góður til síns brúks. Hvers konar mórrall og hugsjónir ráða þá í pólitíkinni eins og er?

Ja, það er þá náttúrlega fyrst og fremst kankske vingunar-(?) og valdsmórrall. Það er aðallega sú tegund af valdi sem ræður.

Ég ímynda mér að einhvers konar samruni af hagsmunahyggju og umhyggju verði að eiga sér stað til að konur geti komið áfram því sem þær vilja. Að pólitíkin verði að breytast þannig að það verði ráð, - ég sa líka í Kvennalistastefnuskrá að konur vilja vera þar sem "ráðum er ráðið", mér fannst þetta svo gott orðalag - að pólitíkin verði ráð þar sem málefna lega er fjallað um skiptar skoðanir ólíkra hagsmuna og lausnir fundnar og vinsemd haldið.

Og ég vil ljúka þessu erindi mínu með því að vitna í sánska konu, rithöfund, Elin Wegner, kankske einhverjar ykkar þekkja það nafn. Hún skrifar í bók sinni Vekjaraklukka, sem kom út 1948 minnir mig, eitthvað svoleiðis, - hún segir:

"Ekkert kemur körlum eins til að hlusta á konur og taka þær í alvöru eins og samheldni meðal kvenna."